



Fréttatilkynning
05 June 2024 15:44:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Tilkynning um endurkaup á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi

Á aðalfundi Íslandsbanka hf. (Íslandsbanki eða bankinn) sem haldinn var þann 21. mars 2024 var samþykkt að veita stjórn, fyrir hönd bankans, heimild til að kaupa á næstu 18 mánuðum, frá samþykkt, hlutabréf í félaginu fyrir allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé félagsins. Tilkynnt var um nýja umferð endurkaupa samkvæmt 5 milljarða króna endurkaupaáætlun með tilkynningu dags. 22. mars 2024, og er hún yfirstandandi.

Líkt og tilkynnt var um samhliða ársuppgjöri bankans hefur bankinn í hyggju að ráðast í útgreiðslu á umfram eigin fé sem nemur 10 milljörðum króna. Hafa þegar verið keyptir til baka 1,2 milljarðar króna með öfugu útboðsfyrirkomulagi sem tilkynnt var um þann 6. maí sl. Bankinn hefur nú tekið ákvörðun um að gera hluthöfum bankans nýtt tilboð um endurkaup eigin hlutabréfa með öfugu tilboðsfyrirkomulagi, að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna að markaðsverði (hér eftir endurkaupin).

Við endurkaupin skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Samið hefur verið við Fossa fjárfestingarbanka hf. (Fossar) um að annast endurkaupin. Kaupin fara fram samkvæmt öfugu tilboðsfyrirkomulagi og samkvæmt hollenskri aðferð, þ.e. öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á hæsta verði sem verður tekið. Allir hluthafar Íslandsbanka, sem skráðir eru í hlutaskrá eftir lok viðskipta dagsins í dag, 5. júní 2024, geta gert tilboð um að selja bréf sín til félagsins fyrir milligöngu markaðsviðskipta Fossa.

Komi til þess að eftirspurn í endurkaupunum verði umfram hámarksfjárhæð endurkaupanna samkvæmt framangreindu mun bankinn kaupa í hlutfalli við eignarhlutfall þeirra hluthafa sem taka þátt (e. pro rata). Íslandsbanki áskilur sér rétt til að taka eða hafna hvaða tilboði sem er í heild eða að hluta.

Endurkaupin eru í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirbyggjandi.

Tilboðum skal skila til markaðsviðskipta Fossa, sem einnig svara fyrirspurnum, á netfangið markadsviðskipti@fossar.is merkt „Íslandsbanki endurkaup“ fyrir kl. 08.30, 6. júní 2024.

Niðurstöður verða tilkynntar í fréttakerfi Nasdaq Iceland fyrir kl. 09.30, 6. júní 2024.

Uppgjörsdagur samþykktra tilboða er mánudagurinn 10. júní 2024.



Fréttatilkynning
05 June 2024 15:44:00 GMT

Samkvæmt tilkynningu dags. 3. júní 2024 átti Íslandsbanki hf. 54.362.258 eigin hluti eftir viðskipti samkvæmt endurkaupaáætlun í viku 22.

MAR legend - Share buyback

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupin sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Tilkynning um endurkaup á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi](#)